



Byggðastofnun

Þróunarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1430
komudagur 20.4.2005

Dagsetning 19. apríl 2005

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál, heildartillaga 2006-2015.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Þingsályktunin er í samræmi við tillögur um uppbyggingu ferðapjónustu í dreifbýli í núgildandi byggðaáætlun sem og við tillögur í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009 sem Byggðastofnun vinnur nú að. Ferðapjónusta er afar mikilvæg fyrir landsbyggðina þar sem hún byggir í meginatriðum á notkun á staðbundinna aðfanga þ.e. náttúru sem ekki er hægt að flytja úr stað.

Byggðastofnun telur mikilvægt að til staðar sé gagnamiðstöð sem veitir svæðisbundnar upplýsingar um atvinnugreinina.

Byggðastofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að gæta samræmis í allri kynningu á landinu í heild en jafnframt að beina markaðssetningu að héruðum sem síður hafa notið athygli ferðamanna og að lengingu ferðatímabilsins í þeim tilgangi að bæta nýtingu fjárfestinga í greininni sem styrkir búsetu á landsbyggðinni.

Þjóðhagslegur ábati við hvern gest er afar mismunandi efti því hvar hann kemur og hvar hann dvelur því er afar mikilvægt að samræma aðgerðir um aukna arðsemi í atvinnugreininni og byggðastefnu. Mikilvægt er að jafna álagið á land og þjóð. Rúmlega 300 þúsund erlendir ferðamenn komu til landsins árið 2004 auk þess sem tugir Íslendinga ferðast um eigið land á ári hverju. Þrátt fyrir að fjöldinn sé við fyrstu sýn ekki yfirþyrmandi er íslensk náttúra og samfélag þannig gert að full ástæða er til að vera á varðbergi því meginferðamannatímabilið er stutt og mikill fjöldi heimsækir fáa staði á stuttum tíma og veldur það álagi á umhverfi og samfélag.

Byggðastofnun framkvæmdi árið 2003 könnun á rekstrar- og starfsumhverfi upplýsingamiðstöðva. Í skýrslunni kemur m.a. fram mikilvægi þess að hið opinbera samræmi upplýsingamiðlun og þjónustu upplýsingamiðstöðva á landinu.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678 mál, heildartillaga 2006-2015.

Yfirþingarfyllst

Sigfíður Elín Þórðardóttir

Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar.